

Skýrsla vor 2013

„Heilsueflandi skóli“

Skólaárið 2012-2013 var þriðja ár Ártúnsskóla sem Heilsueflandi skóli, en Ártúnsskóli varð formlega þátttakandi í verkefninu haustið 2010.

Verkefnisstjóri verkefnisins er Erna Matthíasdóttir, íþróttakennari og lýðheilsufræðingur.

Í stýrihóp veturinn 2012-2013 sátu: Erna Matthíasdóttir (íþróttakennari og lýðheilsufræðingur) formaður stýrihópsins, Ellen Gísladóttir (aðstoðarskólalastjóri), Fríða Björnsdóttir (hjúkrunarfræðingur og lýðheilsufræðingur) sem tengiliður við nærsamfélagið, Ingibjörg Soffía Sveinsdóttir fulltrúi foreldra, Elín Gísladóttir (þroskajálfi) fulltrúi annars starfsfólks skólans og Helga Margrét Haraldsdóttir, 6. bekk og Birna Kristín Eiríksdóttir, 7. bekk fyrir hönd nemenda.

Á skólaárinu 2012-2013 var unnið að ýmsum verkefnum sem byggðu meðal annars á þarfagreiningu á stöðu Ártúnsskóla út frá 8 þáttum sem sérstök áhersla er lögð á í skólastarfi Heilsueflandi skóla. Þessir þættir eru: Nemendur, mataræði - tannheilsa, heimili, geðrækt, nærsamfélag, hreyfing - öryggi, lífsstíll og starfsfólk. Þemu skólaársins voru **skólabragur** á haustönn og **lífsgæði** á vorönn.

Dæmi um sameiginleg verkefni sem unnin voru í tengslum við þemað skólabrag:

- Umsjónarkennarar kynntu þemað í bekkjum sínum. Áhersla lögð á umræður um skólabrag og hugmyndir nemenda.
- Skilgreining á skólabrag og mikilvægi góðs skólabrags.
- Hvað er gott nú þegar og hvað má betur fara? 3 stjórnur og 1 ósk.
- Unnið með Gildisorðin: Árangur, virðing, vellíðan í samstarfi við starfshóp um bættu starfshætti („Good to great“).
- Bangsadagur – náttfatadagur. Unnið í samvinnu við nemendafélag Ártúnsskóla, FUÁ (Félag ungmenna í Ártúnsskóla). Leikskólanemendum boðið yfir í grunnskólann í náttfötum með bangsa.
- Yndisstund. Nemendur komu með vasaljós og teppi þennan dag. Allir lásu undir teppi með vasaljós í u.þ.b. 30 mín. Vinabekkir lásu saman.
- Fullveldisdagurinn 1. des. Vinaverkefni: „Kynnumst betur“.
- Samstarfsverkefni nemenda og starfsfólks – gerum skólann okkar ennþá hlýlegri. Allir nemendur skólans bjuggu til eitt epli. Eplin skreyta nú mötuneyti skólans.

Dæmi um sameiginleg verkefni sem unnin voru í tengslum við þemað lífsgæði:

- Unnið með orðið lífsgæði, umræður og einfaldar skilgreiningar. Í framhaldi af því var unnið með orð sem tengjast lífsgæðum, þau skrifuð upp og sett saman í n.k. orðalistaverk.
- Ljóðsamkeppni – lífsgæði (í framhaldi af umræðum og skilgreiningu) í samvinnu við nemendafélagið FUÁ.
- Rathlaup fyrir alla árganga skólans og elstu nemendur leikskólans.
- Lautarferð og undirbúningur, þ.e. smyrja nesti og búa til kakó. Vinabekkir unnu saman.
- Gönguferðir árganga á vormánuðum.

Dæmi um fleiri verkefni tengd heilsueflandi skóla 2012-2013:

Nemendur:

- Litadagar (allir mættu í fatnaði í lit dagsins og með hollt nesti í sama lit), verkefni unnið í samvinnu við nemendafélagið FUÁ
- Íþróttadagur
- Norræna skólahlaupið
- Dansnámskeið
- Skipulagðir leikir í frímínútum í umsjón skólavina
- Handboltamót á vegum Fylkis milli skóla innan hverfisins
- Fótoltamót skólans (1.-3. bekkur á vegum FUÁ)
- Fótoltamót skólans (4.-7. bekkur á vegum FUÁ)

Starfsfólk:

- Gönguferðir, m.a. að fossinum Glym (haustferð), Heiðmörk (aðventuferð), í Mosfellsdal og Grenndarskóg Ártúnsskóla.
- Ýmsar uppákomur sem auka samstöðu og vellíðan s.s. ferð á sýninguna „Hönnun og handverk“.
- Fyrirlestur Sesselju Traustadóttur um hjólreiðar. Starfsfólki jafnframt boðið að láta yfirfara hjól sín.
- Vorferð starfsfólks í bústað í Skorradal þar sem sérstök áhersla var lögð á heilsueflingu og vellíðan starfsfólks. Unnið var í hópum og farið á 6 stöðvar þar sem verkefni voru m.a. núvitund, nudd og dans.

Þrátt fyrir að ákveðin þemu séu lögð til grundvallar þegar unnið er að því að ná fram markmiðum Heilsueflandi skóla þá eru fleiri þættir alltaf hafðir í huga. Fyrst og fremst er stefnt að því að andi heilsueflingar verði samofinn öllu skólastarfinu. Á næsta skólaári verður byggt ofan á þann grunn

sem lagður hefur verið og unnið út frá þemunum **nærsamfélagið** og **árangur**. Áfram verður unnið í nánun samstarfi við starfshóp í útinámi.

(sjá nánar um störf Heilsueflandi skóla á heimasíðu Ártúnsskóla)

6. júní 2013

fyrir hönd stýrihóps Heilsueflandi skóla,
Erna Matthíasdóttir, (íþróttakennari og lýðheilsufræðingur)